

29.06.2009


## Umsögn Breytanda um þingsályktunartillögu um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum (137. löggjafarþing 2009. Þskj. 18 - 18. mál.)

Við í Breytöndum, ungliðahreyfingu Hjálparstarfs kirkjunnar, ítrekum fyrrgreinda afstöðu okkar til þessarar þingsályktunartillögu. Í ljósi allrar þeirrar hreinu orku sem við erum svo lánsöm að eiga hér á landi þykir okkur það bæði undarlegt og ónaðsýnlegt að Íslendingar fái enn frekari undanþágu frá sáttmálum alþjóðasamfélagsins um minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda. Hin hreina orka finnst okkur að ætti þvert á móti að gera Íslendingum kleift að vera fremstir á vettvangi umhverfismála, enda eru hér miklir möguleikar á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eins og nefnd á vegum umhverfisráðneytisins sýndi nýlega fram á<sup>1</sup>.

Sannað þykir að hlýnun jarðar er að miklu leyti afleiðing útblásturs gróðurhúsalofttegunda og hafa vestræn ríki að stórum hluta staðið fyrir þeim útblæstri. Afleiðingarnar bitna hinsvegar fyrst og fremst á fólki í þeim löndum sem eru fátækust. Eyðimerkur stækka, sjávarmál hækka, höf súrna, aðgengi að hreinu vatni minnkar og allt veldur þetta því að fólk getur ekki lengur haft lífsviðurværi þar sem það býr. Háskóli Sameinuðu þjóðanna metur það svo að það sem við kjósum að kalla „flóttamenn undan hlýnun jarðar“ séu nú þegar um 24 milljónir og að þeir verði um 50 milljónir í lok árs 2010.<sup>2</sup> Því er minnkun á útblæstri gróðurhúsalofttegunda beinlínins mannréttindamál. Við erum því heilshugar mótfallin að Ísland hljóti nokkra undanþágu varðandi losun gróðurhúsalofttegunda. Þætti okkur lágmark að þessari tillögu fylgdi málsgrein þar sem greint væri frá því hvernig Íslendingar ætla að taka á þessum vanda sem þeir ætla skv. tillögunni að taka enn meiri þátt í að skapa. Þar að auki væri rétt að það málefni yrði tekið sérstaklega fyrir á þingi.

Við eigum einnig erfitt með að sjá hvernig þessi tillaga á að fara saman með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í maí, þar sem hún lýsti sig reiðubúna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um að minnsta kosti 15% til 2020, miðað við árið 1990. Sú tímamótaákvörðun samræmist stefnu okkar mun betur, og styðjum við hana fullum fetum.

Fyrir hönd Breytanda, Þorsteinn Valdimarsson.



1 Umhverfisráðuneytið

<http://www.umhverfisraduneyti.is/utgefing-efni/nr/1442>

2 United Nations University – Institute for Environment and Human Security.

<http://www.ehs.unu.edu/index.php/article:130?menu=44>